

Aðalfundur Klappa Grænna Lausna hf.

Fimmtudaginn 12. apríl 2018, kl. 16:00, var aðalfundur Klappa Grænna Lausna hf., kt. 630914-1080 haldinn í fundarsal Kötlu 2, Hótel Sögu.

1.-2. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarrita.

Forstjóri félagsins, Jón Ágúst Þorsteinsson, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Jón Ágúst gerði tillögu um Dóru Sif Tynes hdl. sem fundarstjóra og Fanneyju Finnsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt án athugasemda. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir á fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 98,8% hluthafa í A flokki og 83,7% hluthafa í B flokki, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gera ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

3. Skýrsla stjórnar félagsins.

Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri félagsins flutti skýrslu stjórnar. Hann ræddi um starfsemi félagsins á liðnu starfsári og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá fyrirtækinu á árinu.

Jón Ágúst greindi frá því að síðasta ár félagsins hefði gengið mjög vel og farið fram úr vonum stjórnenda. Í upphafi árs 2017 stóðu vonir til að hægt yrði að auka tekjur félagsins og skrá það að markað. Þetta gekk allt eftir og gott betur. Mikill aukning notenda í kerfinu. Margir nýjrir hluthafar, samtals í dag 328 hluthafar. Mikill áhugi á félaginu og framtíðin er björt. Jón Ágúst sagði fólk farið að huga að umhverfismálum í dag og í dag selst hugbúnaður félagsins vegna þess að hann er umhverfismál. Draumur félagsins er að Ísland verði leiðandi á sviði umhverfismála og að hægt verði að fjölga lausnum félagsins og lækka verðið til að komast inn á markað í Asíu. Félagið er í samstarfi við fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífsins, sveitarfélög og ríkið.

4. Skýrsla um rekstur og ársreikning félagsins fyrir árið 2017

Eðvarð Jón Bjarnason, fjármálastjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins og lýsti helstu fjárhagsstærðum í rekstri félagsins.

Eðvarð byrjaði á að fara yfir rekstrarreikning félagsins. Tekjur ársins 2017 voru 210 m.kr. EBITDA félagsins neikvæð um 12,5 m.kr. Eigið fé félagsins er kr. 259 m.kr.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

5. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.

Stjórn félagsins lagði til að tap ársins yrði fært til lækkunar á eigin fé félagsins. Ekki er heimild til arðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Lögð var fram tillaga þess efnis að breyta grein grein 2.01.5 samþykktu félagsins um endurnýjun á heimild til stjórnar um að auka hlutfé félagsins um allt að 15. m.kr. með útgáfu nýrra hluta í B-flokki hlutabréfa.

Tillagan er svohljóðandi: „Aðalfundur félagsins, haldinn þann 12. apríl 2018, samþykkir heimild til stjórnar félagsins um heimild til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 15.000.000, (krónur fimmtán milljónir) og gildir sú heimild í 18 mánuði frá samþykkt hluthafafundar. Um hlutina gilda ákvæði samþykktu félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kosning stjórnar félagsins.

Lögð var fram tillaga um að eftirfarandi verði kjörnir í stjórn félagsins.

Ágúst Sindri Karlsson, kt. 010863-4149.
Geir Valur Ágústsson, kt. 240364-5819
Hildi Jónsdóttir, kt. 021158-7399
Jón Ágúst Þorsteinsson, kt. 260258-6059
Linda Björk Ólafsdóttir, kt. 090466-2919
Sigrún H. Jónsdóttir, kt. 161184-8109
Þorsteinn Svanur Jónsson, kt. 011287-3609

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Kosning endurskoðenda félagsins.

Lagt var til að endurskoðandi félagsins verði kjörinn endurskoðunarskrifstofan KPMG Endurskoðun hf., Borgartúni 27, Reykjavík, Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verið greidd stjórnarlaun vegna liðins starfsárs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundarstjóri gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Dóra Sif Tynes hdl. fundarstjóri sleit fundi, kl. 16:50.

Framangreint staðfestist hér með.

Fanney Finnisdóttir